

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 — 1986

14. september 1986

873

Nr. 410

REGLUGERÐ fyrir Stofnun Sigurðar Nordals

1. gr.

Á vegum Háskóla Íslands starfar menntastofnun sem ber heitið Stofnun Sigurðar Nordals.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar skal vera að efla hvarvetna í heiminum rannsóknir og kynningu á íslenski menningu að fornu og nýju og tengsl íslenskra og erlendra fræðimanna á því sviði.

3. gr.

Hlutverki sínu gegnir stofnunin einkum með því að:

1. Aflla gagna um rannsóknir tengdar íslenski menningu sem stundaðar eru í heiminum;
2. Þjófða erlendum fræðimönnum til Íslands til að kynna rannsóknir sínar, aflla gagna til þeirra eða til að stunda rannsóknir. Slík heimboð skulu að jafnaði ákveðin í samvinnu við háskóladeildir og rannsóknastofnanir á þeim sviðum sem við eiga eða að frumkvæði þeirra;
3. Gangast fyrir ráðstefnum, umræðufundum, námskeiðum og fyrirlesturum um íslenska menningu;
4. Styðja eða standa fyrir útgáfu rita um íslenska menningu, þ. á m. til að kynna íslensk vísindarit um þau efni á erlendum vettvangi;
5. Hafa forgöngu um kennslu í íslensku og íslenskum fræðum erlendis í samvinnu við aðila innan háskólans sem utan og annast þjónustu við íslenska sendikennara;
6. Styrkja íslenska fræðimenn til að fara til annarra landa í því skyni að stunda rannsóknir í fræðum sínum eða kynna þau;
7. Hafa samvinnu við erlenda aðila, einkum á Norðurlöndum, um hver þau verkefni sem falla undir hlutverk stofnunarinnar.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum.

Heimspekideild kýs einn stjórnarmanna, háskólaráð kýs annan, en menntamálaráðherra skipar hinn þriðja og skal hann vera formaður stjórnar. Stjórnin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Stjórnin ræður starfslíð stofnunarinnar og forstöðumann eftir því sem heimildir á fjárlögum leyfa að fenginni umsögn heimspekideildar.

5. gr.

Rekstur stofnunarinnar er greiddur af ríkisfé samkvæmt því sem veitt er á fjárlögum. Aðrar tekjur eru:

- a) Styrkir til einstakra verkefna.
- b) Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
- c) Tekjur af útgáfu, námskeiðum, ráðstefnum eða annarri starfsemi.
- d) Gjafir og aðrar tekjur er stofnuninni kunna að berast.

Stofnunin skal hafa sjálfstæðan fjárhag óháðan öðrum stofnunum eða deildum háskólans, og skal reikningshaldið vera hluti af heildarreikningum háskólans.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið sér stofnuninni fyrir húsnæði og annarri starfsaðstöðu.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 36. gr. sbr. 9. gr. laga nr. 77/1979 um Háskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 14. september 1986.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1985.

A. Rekstrarreikningur.

Gjöld:

	Kr.
Almenn framlög til sveitarfélaga skv. 13. gr.	724 139 500
Aukaframlög til sveitarfélaga skv. 15. gr.	56 885 600
Fólksfækkunarframlög til sveitarfél. skv. 16. gr.	16 078 975
Samband ísl. sveitarfél., framlag, 1% af vergum tekjum	9 411 553
Landshlutasamtök sveitarf., framlag, 1% af vergum tekjum	10 917 403
Lánasjóður sveitarfélaga, framlag, 5% af vergum tekjum	47 057 761
Húsfriðunarsjóður, framlag	1 630 204
Innheimtustofnun sveitarfélaga, rekstrarframlag	5 524 643
Afskrifaðar kröfur vegna barnsmeðlaga	688 883
Eftirlaunasjóður aldraðra	9 547 076
Vextir	32 648 897
Afgangur fluttur á höfuðstól	26 624 714

Alls kr. 941 155 209